

## Skýrsla stjórnar Samtaka sprotafyrirtækja Lögð fram á aðalfundi 5. febrúar 2020.

### Ágætu félagsmenn.

Nú er lokið 15. starfsári Samtaka sprotafyrirtækja, SSP, sem voru stofnuð 2. júní 2004. Markmiðið með stofnun SSP var að vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniöðnaðar á Íslandi. SSP er starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins (SI).

Miðað er við þá skilgreiningu að sprotafyrirtæki séu fyrirtæki sem sprottin eru upp úr rannsókn- eða þróunarverkefnum einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknarstofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi á því sviði sem viðkomandi fyrirtæki starfar á.

Miðað er við að fyrirtækin séu hlutafélög (hf.), einkahlutafélög (ehf.) eða samvinnufélög (sf.) og að:

- Þróunarkostnaður fyrirtækjanna sé að jafnaði a.m.k. 10% af veltu þegar horft er til yfirstandandi starfsárs og þriggja síðustu ára.
- Þá er gert ráð fyrir að fyrirtæki hætti að teljast sprotafyrirtæki þegar þau hafa náð veltu sem nemur einum milljarði króna á ári eða verið skráð í aðallista kauphallar.

Fyrirtæki innan SSP eru góður þverskurður tækni- og hugverkafyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, leikjaiðnaði, líftækni, orku- og umhverfistækni, heilbrigðisíðnaði/tækni, matvælatækni, véltækni og byggingartækni. Í SSP eru á fimmta tug fyrirtækja sem falla undir áður nefnda skilgreiningu.

### Stjórn SSP 2019

Í stjórn SSP voru eftirfarandi aðilar kjörnir á síðasta aðalfundi 30. janúar 2019:

#### Formaður

- Íris Ólafsdóttir, Kúlu 3D ehf.

#### Meðstjórnendur

- Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, CRI ehf.
- Fida Abu Libdeh, geoSilica ehf.
- Ingi Björn Sigurðsson, Icelandic Startups
- Kristinn Aspelund, Ankeri Solutions ehf.
- Oddur Sturluson, TeqHire ehf.
- Guðmundur Óskarsson, MyTweetAlerts ehf.

### Helstu þættir í starfsemi SSP 2019

- **31. janúar – Opinn aðalfundur SSP um bætt fjármögnunarumhverfi sprota**  
Stjórn SSP hélt vel heppnaðan opinn aðalfund þriðja árið í röð og var góð mæting og áhugaverð erindi:
  1. Sigríður Mogensen sviðsstjóri hugverkasviðs SI kynnti umbætur í lagaumgjörð um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja
  2. Stefán Björnsson hjá Solid Clouds sagði reynslusögu af nýtingu skattafrádráttar einstaklinga til fjármögnunar nýsköpunarfyrirtækis.
  3. Rúnno Allikivi framkvæmdastjóri Funderbeam kynnti Funderbeam fjármögnunarkerfið sem var að opna á Íslandi

- **18. mars 2019**

Baldur Thorlacius viðskiptastjóri hjá Kauphöllinni kynnti stjórn SSP möguleika sprotafyrirtækja á skráningu á First North markaðinn og var ákveðið að bjóða félagsmönnum SSP upp á opinn kynningarfund þar sem þessi fjármögnunarkostur fyrir sprotafyrirtæki er kynntur. Bergþóra Halldórsdóttir forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá Íslandsstofu kynnti nýja stefnumótun hjá Íslandsstofu með áherslu á nýsköpun og tækni og var lagt upp með að SSP taki þátt í stefnumótunarvinnustofu um málefnið. SSP undirstrikaði mikilvægi að skírt sé hvaða þjónusta Íslandsstofa bjóði upp á fyrir lítil fyrirtæki í nýsköpun og hvaða þjónusta er ekki í boði. Með þeim hætti er auðveldara fyrir sprotafyrirtæki að átta sig á hvar er hægt að sækja hvaða þjónustu og stuðning.

- **15. maí - vinnustofa Íslandsstofu: hugvit, nýsköpun og tækni**

Formaður ásamt nokkrum stjórnarmönnum SSP tóku þátt í vinnustofu Íslandsstofu til langtíma-stefnumótunar stofnunarinnar um íslenskt hugvit, nýsköpun og tækni. Niðurstöður vinnustofunnar eru aðgengilegar á vef Íslandsstofu undir *stefnumarkandi áherslur; hugvit, nýsköpun og tækni* (<https://stefnumotun.islandsstofa.is/hugvit-nyskopun-og-taekni>).

- **23. maí – Vaxtarsprotinn 2019**

Vaxtarsproti ársins var veittur í 13. skiptið á Kaffi Flóru í Grasagarðinum og var vinningshafinn Carbon Recycling International. Fyrirtækið rekur verksmiðu í Svartsengi sem framleiðir metanól úr koltvísýringi og vetni og þróar og selur heildstæða tæknilausn til að framleiða vistvænt eldsneyti og efnavöru fyrir almennan markað. Verksmiðjan í Svartsengi var sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Rekstrartekjur fyrirtækisins jukust um 193% á milli árána 2017 og 2018, en þær fóru úr rúmum 76 milljónum króna í 225 milljónir. Tvö önnur sprotafyrirtæki, Taktikal og Kerecis, hlutu einnig viðurkenningar fyrir vöxt í veltu en Carbon Recycling International sýndi mestan hlutfallslegan vöxt auk þess að uppfylla önnur viðmið dómnefndar og fékk nafnbótina Vaxtarsproti ársins.

Eftirfarandi fyrirtæki hafa hlotið Vaxtarsprotann:

1. 2007 **Marorka**
2. 2008 **Mentor**
3. 2009 **Mentor**
4. 2010 **Nox Medical**
5. 2011 **Handpoint**
6. 2012 **Valka**
7. 2013 **Meniga**
8. 2014 **DataMarket**
9. 2015 **Kvikna**
10. 2016 **Eimverk**
11. 2017 **Kerecis**
12. 2018 **Kaptio**
13. 2019 **Carbon Recycling International**



- **12. júní - kynningarfundur um Nasdaq - First North markaðinn**

Samtök Iðnaðarins, SSP og Nasdaq Iceland efndu til opins kynningarfundar um Nasdaq First North markaðinn fyrir smá og meðalstór fyrirtæki. Baldur Thorlacius viðskiptastjóri hjá Kauphöllinni fór yfir þróun markaðarins síðustu ár, nýlegar lagabreytingar sem gerir First North markaðinn meira aðlaðandi fyrir smá og meðalstór fyrirtæki og fór yfir helstu tækifæri sem felast í skráningu á markað.

Fjöldmörg sprotafyrirtæki hafa verið skráð á First North á Norðurlöndunum á síðastliðnum árum og eru mikil tækifæri í aukinni nýtingu þessa markaðar



hér á landi. Til dæmis má nefna að um helmingur fyrirtækja sem skráð voru á markað árið 2017 var með undir 100 M kr. í tekjur, 70% fyrirtækjanna voru enn ekki farin að skila hagnaði og 28% voru með færri starfsmenn en 10 sem undirstrikar að First North er markaður fyrir sprotafyrirtæki.

- **2. september 2019**

SSP fundaði með sviðsstjóra rannsókn- og nýsköpunarsviðs Rannís, Sigurði Björnssyni, til að ræða hugmynd að nýjum sjóði og kvikari úthlutunir. Þrátt fyrir framfarir í samskiptatækni kemur stundum upp sú staða að mun árangursríkara er að hitta fjárfesta eða mögulega viðskiptavinum í eigin persónu og standa þá íslenskir frumkvöðlar nágrönnum sínum aftar vegna staðsetningar landsins og getur flugmiði verið stór biti fyrir lítið fyrirtæki. SSP lagði því til að stofnaður yrði ferðastyrktarsjóður fyrir frumkvöðla sem ekki eru með Rannís styrk fyrir, að fyrirmynd Reykjavíkur loftbúar sem studdi sókn íslenskra tónlistarmanna á erlenda markaði. SSP lagði fram minnisblað um verkefnið þar sem m.a. er lagt til að nýr ferðastyrktarsjóður verði stofnaður sem styrki frumkvöðla um 50-70% af flugmiðaverði, sjóðurinn sé opinn allan ársins hring og að aldrei líði meira en 6 vikur frá umsókn til úthlutunar. Ráðstöfunarfé sjóðsins þyrfti ekki að vera meira en um 10 milljónir króna og gæti verið samstarfsverkefni Rannís og fyrirtækja á almennum markaði.

- **25. september - Ársfundur hugverkaráðs**

SSP er með tvo fulltrúa í Hugverkaráði. Kristinn Aspelund tók við af Írisi Ólafsdóttur sem aðalmaður og Guðmundur Óskarsson tók við af Erlendi Steini Guðnasyni sem varamaður. Áhersla ráðsins síðustu misseri hefur m.a. verið á hækkun þaks á endurgreiðslu vegna rannsókn- og þróunarskostnaðar sem bar góðan árangur þegar það var tvöfaldað úr 300 í 600 M kr. vegna rekstrarkostnaðar og úr 450 í 900 M kr. vegna aðkeyptar þjónustu. SSP leggur áherslu á að næstu áherslumál ráðsins bæti fjármögnun nýsköpunarverkefna í sprotafyrirtækjum.

- **10. október - Klúðurkvöld Gulleggsins haldið af Icelandic Startups og SSP**

Mikið hefur verið rætt um að sögur af mistökum séu ekki síður mikilvægar en sögur af árangri og tók SSP þátt í klúðurkvöldi Gulleggsins 2019. Þar komu m.a. fram Vignir Örn stofnandi Radiant Games og Stefán Baxter stofnandi Activity Stream og fjölmargra annara sprotafyrirtækja og jusu þeir af viskubrunni sínum í grátbroslegum sögum af mistökum og dýrum lærdómi. Fleiri gestir stigu á svið og sögðu frá mistökum sínum. SSP stefnir á að halda áfram þátttöku í klúðurkvöldum sem þessum.

- **11. október - fundur með nefnd um endurskoðun Vísinda- og tækniráðs**

Stjórn SSP sat fund með nefnd um endurskoðun Vísinda- og tækniráðs í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. SSP ræddi m.a. áhyggjur samtakanna af stuðningsumhverfi fyrir sprotafyrirtæki þar sem styrkir eins og t.d. *Átak til atvinnusköpunar* hefur verið lagður niður án þess að annað komi í staðinn og framlög til Tækniþróunarsjóðs fara lækkandi. SSP afhenti nefndinni minnisblað um stuðningsumhverfi sprotafyrirtækja þar sem hvatt var til þess að Tækniþróunarsjóður yrði eflur enn frekar, styrkjum til fyrirtækja á frumstigi verði fjölgað, þeir verði fjölbreyttari og að umsóknarfrestum verði fjölgað auk þess sem úrvinnslutími verði stytur. Imprað var á mikilvægi þess að fjármögnunarumhverfið sé stöðugt og passa þarf upp á samfellu í styrkjaumhverfinu.

Í minnisblaðinu lagði SSP til eftirfarandi betrubætur:

1. Að Tækniþróunarsjóður verði eflur enn frekar.
2. Að staðið verði vörð um Tækniþróunarsjóð og að önnur verkefni séu ekki fjármögnuð á hans kostnað (eins og hækkun þaks á endurgreiðslu vegna R&P virðist hafa gert)
3. Að Tækniþróunarsjóður fái þann stuðning sem þarf til að geta stytta afgreiðslutíma umsókna og að styrkjaúthlutun verði kvikari.
4. Að umsóknir með toppþekkingu sem sækja um í Tækniþróunarsjóð fái styrk eða að minnsta kosti bróðurpartur þeirra.

5. Að komið verði á einfaldari styrk eða styrkjum sem eru sambærilegir við *Átak til atvinnusköpunar*, fyrir lítil nýsköpunarfyrirtæki, sem alltaf er opinn til umsókna eða með a.m.k. 4 umsóknarfresti á ári og stefnt verði á að afgreiðsla umsókna verði ekki lengri en 2 vikur. Kröfur um umsókn í slíkan styrk og skýrslugerð mega vera sambærilegar kröfum til *Átaks til atvinnusköpunar*.
  6. Að úrvinnslutími umsókna fyrir sjóðina Fræ, Sprotu og Markaðsstyrk verði stytur og umsóknarfrestum fjölgað.
  7. Að tryggt verði að nýsköpunarfyrirtæki eigi sömu möguleika á stærri styrkjum úr sjóðnum og fyrirtæki og stofnanir með meiri mannafla.
  8. Að fjármagn sem sparast við að leggja niður stuðning eða styrki við nýsköpunarfyrirtæki renni aftur í stuðningsumhverfið.
  9. Að tryggt verði að opinberir sjóðir á Íslandi fjárfesti í vaxtarfyrirtækjum á öllum tímum.
- **21. nóvember - Íslandspóstur**  
Formaður SSP fundaði með Georgi Haraldssyni, forstöðumanni stafrænnar þjónustu Íslandspósts ásamt fleiri starfsmönnum póstsins til að ræða hindranir í pósthjónustu við íslensk fyrirtæki, bæði við sendingar og móttöku á vörum. Íslandspóstur tók vel í þá umræðu og hefur hafið vinnu við að safna saman ábendingum og gera umbætur á þjónustunni.

Meðal verkefna árið 2020 er að fylgja eftir kröfu um eflingu og umbótum á Tækniþróunarsjóði, skoða hvort möguleikar nýsköpunarfyrirtækja til stærri styrkja hafi breyst, fjármögnun nýsköpunar gegnum Lífeyrissjóði og samfellu í fjármögnunarumhverfi sprotafyrirtækja, almennar hindranir vegna staðsetningar á Íslandi, samfélagsábyrgð sprotafyrirtækja og stuðningur við sölu- og markaðsmál svo eitthvað sé nefnt.

Formaður þakkar samstarfið

Fyrir hönd stjórnar Samtaka sprotafyrirtækja,  
Íris Ólafsdóttir, formaður